

AUGLÝSING

um deiliskipulag í landi Flekkudals í Kjósarhreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti hreppsnefnd Kjósarhrepps þann 7. júlí 2016 deiliskipulagstillögu í landi Möðruvalla. Málsmeðferð var skv. 41. gr. skipulagslaga. Deiliskipulagstillagan var afgreidd samhliða breytingu á aðalskipulagi Kjósarhrepps 2005-2017.

Deiliskipulagstillagan skilgreinir tvo byggingarreiti fyrir athafnasvæði í tengslum við borholur með heitu vatni. Deiliskipulagið hefur verið auglýst og kynnt og hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Kjósarhreppi, 31. ágúst 2016.

Jón Eiríkur Guðmundsson, byggingar- og skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 15. september 2016